

Ár 2018, þriðjudagur 22. desember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð að Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 8/2020:
Kæra Ara Björns Thorarensen.

Enginn er mættur í réttinn, enda hafa aðilar ekki verið boðað til þessa þinghalds.

Lagt er fram:

Nr. 1 Kæra til Dómstóls ÍSÍ, dags. 16. desember 2020.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Með ofangreindri kæru á dskj. 1, sem var send á netfangið isi@isi.is þann 16. desember sl. en úthlutað til dómara þann 18. desember 2020 er kærð sú ákvörðun aganefndar L.H. frá 10. desember 2020 í máli nr. 1/2020 um að allur keppnisárangur af Metamóti Spretts sem haldið var dagana 4. – 9. september sl. skuli felldur út úr Sportfeng. Þess er krafist að ákvörðunin verði ógilt og árangur á mótinu fái að standa óhaggaður. Til vara krefst kærandi þess að árangur hans hests, Krókus 2008187654 fái að standa óhaggaður.

Í kæru er ekki gerð grein fyrir því hver sé hinn kærði og eintak af hinni kærðu ákvörðun fylgir ekki.

II.

Landssamband Hestamannafélaga (LH) eru eitt sérsambanda ÍSÍ. Þau eru einnig meðlimir í alþjóðlegum samtökum um íslenska hestinn, International Federation of Icelandic Horse Associations (FEIF). Í lögum LH segir í grein 1.4.3. að á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing skipi stjórnin í fastanefndir, þar á meðal aganefnd. Í grein 1.6.1. segir að Dómstólar ÍSÍ hafi fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp kunni að koma innan LH. Í 2. kafla laganna sem ber heitið Agareglur segir m.a. í grein 2.8.11 um Dómstóla ÍSÍ:

Dómstólar ÍSÍ skulu beita hlutaðeigandi einstakling refsingum verði hann uppvís að:

- *Bera yfirvald, einstakling eða félög innan LH röngum sökum, á opinberum vettvangi eða kæra þau að ástæðulausu.*
- *Blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan LH með röngum skýrslum eða villandi upplýsingum.*
- *Koma ósæmilega fram við, ögra, eða hafa í hótunum við yfirvald innan LH, vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvalds fyrir LH.*

Rétt til að bera fram kæru vegna brots á ofangreindum liðum, hafa aðeins þau yfirvöld eða einstaklingar sem misgert er við, auk LH.

Í grein 2.7.1. í lögnum segir: *1. Ákvarðanir teknar af aganefnd FEIF og agadómstól FEIF varðandi áfrýjanir og dóma eru endanlegir.*

Samkvæmt grein 2.8.7. skal yfirdómnefnd senda aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Í grein 2.8.10.3 segir að yfirdómnefnd sé heimilt að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni, hún sendi skýrslu til aganefndar LH og hafi heimild til að kæra brot til nefndarinnar, telji hún þörf á því.

III.

Í grein 26.2 kemur fram hvaða upplýsingar skuli koma fram í kæru. Í framkvæmd hefur af hálfu Dómstóls ÍSÍ verið leitast við að taka mál til efnismeðferðar ef mál liggur nægilega ljóst fyrir, jafnvel þó ákvæða 26.2. sé ekki fylgt að fullu.

Með vísan til framanritaðs þá getur komið til kasta tvenns konar aganefnda í starfsemi LH. Ákvarðanir aganefndar LH eiga undir dómstól ÍSÍ, en hafi verið fjallað um agamál á vettvangi aganefndar FEIF, þá gilda aðrar málskotsreglur, þar sem aðili hefur tvær vikur til að skjóta máli til agadómstóls FEIF.

Í kæru kemur fram að um sé að ræða ákvörðun aganefndar L.H. og verður af þeirri ástæðu að líta svo á, að málið eigi réttilega undir dómstól ÍSÍ og málinu verði því ekki vísað frá dómi á grunni greinar 2.7.1. í lögum LH.


Með því að kæra uppfyllir ekki það mikilvæga skilyrði að tilgreina hver sé hinn kærði, gerir dómurinn sér ekki grein fyrir því grundvallaratriði hverjum skuli senda áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni, sbr. ákvæði 27.5. í lögum ÍSÍ. Jafnvel þó stutt lýsing málavaxta í kæru geti gefið vísbendingu í þessum efnun, þá getur dómstóll ÍSÍ ekki giskað á aðild varnarmegin.

Er því óhjákvæmilegt annað en að vísa málinu frá dómi án kröfu. Að mati dómsins er ekki um að ræða atriði sem unnt er að bæta úr á síðari stigum málsins, enda ekki gert ráð fyrir þingfestingu máls fyrr en greinargerð kærða liggur fyrir, sbr. grein 27.8 í lögum ÍSÍ. Með vísan til greinar 24.3 í lögum ÍSÍ hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn, frá því tímamarki er frávísun berst kæranda. Almennir frídagar teljast ekki með.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari.



Úrskurðarorðið er lesið upp í heyranda hljóði.

Kæranda er bent á ákvæði greinar 24.3 í lögum ÍSÍ, um að hann geti innan þriggja daga skotið málinu að nýju til dómstólsins. Frestur byrjar að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

Þá getur kærandi skotið úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sbr. grein 33.1. í lögum ÍSÍ í því skyni að fá honum hnekkt, telji kærandi frávísun ekki réttmæta og kjósi frekar heldur en að skjóta máli að nýju til dómstóls ÍSÍ. Frestur til slíks er ein vika frá því að kæranda var niðurstaða dómstóls ÍSÍ kunn, sbr. grein 33.3 í lögum ÍSÍ.

Dómþingi slitið.

Hilmar Gunnlaugsson dómari.

